

Strætó BS
B.t. Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri
Hestháls 14
110 Reykjavík



Innkaupaskrifstofa Reykjavíkur
B.t. Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 27.04.2020

Efni: Útboð fyrir akstursþjónustu fatlaðra

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) eru samtök sem starfa fyrir fyrirtæki sem starfa í ferðaþjónustu. Þeim er ætlað að gæta heildarhagsmuna fyrirtækjanna í ferðaþjónustu. Félagsmenn SAF eru meðal annars hópferðafyrirtæki.

Hópferðafyrirtæki hafa bent SAF á að Útboð, nr. 14799, um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Þar óskar Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar (kaupandi) eftir tilboðum í fyrrgreinda þjónustu samkvæmt útboðsgögnum. Um er að ræða almennt útboð á EES svæðinu og hvaða fyrirtæki sem er getur lagt fram tilboð.

Eftir að hafa farið yfir útboðskilmála vill SAF koma með eftirfarandi athugasemdir við útboðsskilyrðin.

Í ljós þeirra fordæmalausu aðstæðna í öllum heiminum verður að benda á að opnunartíminn og tilboðsfresturinn sem rennur út 7. maí nk. kl. 10:00 er of knappur. Tíminn er of knappur fyrir alla tilboðsgjafa nema þann sem sinnir þjónustunni í dag. Fresturinn væri eðlilegur ef það væru eðlilegar aðstæður í heiminum. Við núverandi ástæður er erfitt að sjá að nokkurt fyrirtæki geti uppfyllt þau skilyrði sem koma fram í útboðslýsingunni, sjá nr. 0.10.3 í útboðslýsingunni. Þar kemur fram að bjóðendur þurfa að hafa yfir að ráða nægjanlegum fjölda sérútbúinna hópferðabifreiða sem uppfylla ákveðnar kröfur sem kemur nánar fram í útboðsgögnum. Í ljósi heimsfaraldurs Kórónaveiru er nánast ómögulegt að sjá það fyrir hvernig fyrirtæki í þessum geira eigi að geta nálgast þær vörur sem uppá vantar fyrir þau til að taka þátt í útboðinu. Markaðir heimsins liggja annað hvort niðri eða eru verulega brenglaðir varðandi vöru og þjónustu. Ekki er hægt að fjárfesta í vörum þegar þetta óvissu ástand er til staðar.

Einnig vill SAF benda á skilyrði 0.10.2 um skuldleysi gagnvart opinberum gjöldum. Í því samhengi er bent á að mörg fyrirtæki hafa fengið frest á gjalddögum opinberra gjalda og því ekki staðið í skilum á þeim vettvangi.

Að því sögðu þá er það næstum ómögulegt fyrir fyrirtæki að uppfylla kröfurnar sem koma fram í útboðinu miðað við núverandi ástand í heiminum.

SAF óskar því eftir því að hætt verði við núverandi tímasetningar í útboðinu og opnunartíma og tilboðsfresti verði seinkað um eitt ár eða þar til núverandi ástand verði lokið og skoðað verði hvort framlengja eigi ekki núverandi samning við þjónustuaðila um þessa þjónustu.

Það getur gefið fyrirtækjum sem vilja taka þátt í útboðinu aukið svigrúm að vera betur undirbúin fyrir útboðið að ári til að uppfylla almenn skilyrði útboðsins. Miðað við núverandi ástand í heiminum þá getur það tekið fyrirtækið allt að 6 til 8 mánuði að nálgast mögulega búnað til að uppfylla skilyrðin enda eru allt aðrar aðstæður í heiminum nú en þegar ákveðið var að ráðast í útboðið á sínum tíma. Við eðlileg markaðs og efnahagsleg aðstæður í heiminum væri mögulegt að uppfylla skilyrðin á svo stuttum tíma en í dag er það algjörlega ómögulegt.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson